

# Skólaráðfundur

16. febrúar 2017

Mættir: Kristín, Inga Rut, Sigurdís, Magnús, Svava, Elín S; Tinna H.

Oddur og Rut boðuðu forföll.

## 1. Skóladagatal 2017-2018

- Ljósbleikt eru þemadagar fyrir nemendur strax í upphafi skólaárs. Áhersla á vináttu og að þjappa hópinn saman.
- Rauðir dagar eru skipulagsdagar starfsfólks
- Vetrarfrí áætlað fimm virka daga í október. Óskað eftir breytingum ef einhverjar eru. Engin breytingartillaga kom fram á fundi.

## 2. Skólapúlsinn

- Farið yfir niðurstöðu síðustu könnunar. Áhugavert að sjá mikinn og jákvæðan mun á trú nemenda á eigin námsgetu.

## 3. Samræmd próf 2015

- Niðurstöður skoðaðar miðað við landið og milli ára.

## 4. Skólaþing

- Almenn ánægja með heimsókn forseta
- Nemendur stóðu sig vel, bæði í samskiptum við forseta og á sjálfu skólaþinginu.
- Nú er hafin vinna hjá nemendafélagi og starfsfólki við að vinna úr punktum sem koma úr þinginu. Vinnan verður kynnt af nemendum fyrir alla nemendur skólans.

## 5. Móðurmálskennsla erlendra nemenda

- Kennslan er byrjuð, fer fram í gegnum fjarnám að mestu leiti. Pólska er kennd hér í skólanum.
- Almenn ánægja virðist vera meðal nemenda. Skólinn er fyrsti og eini skólinn á landinu sem sinnir þessum þætti á kostnað skólans.
- Vonir standa til að hægt sé að fjármagna þessa kennslu áfram og jafnvel í auknu samstarfi við aðra skóla sem gætu verið með nemendur í sama fjarkennslutíma.

Næsti fundur ákveðinn 15. Mars 2017

Ritari: Elín P. Samúelsdóttir